

Samþykktir fyrir Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.

Nafn, lögheimili og tilgangur félagsins

1. gr.

Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar eiga og reka saman, sameignarfélag með ótakmarkaða ábyrgð undir nafninu Sorpeyðingarstöð Suðurnesja s.f. (Suðurnes Incinerator Authority) skammstafað SS. Heimili þess og varnarþing er í Reykjanesbæ.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að eiga og reka Kólku - Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Ennfremur að annast alla sorpeyðingu og sorphirðu í sveitarfélögunum og önnur verkefni sem sveitarfélögin kunna að fela félaginu. Um starfsemina fer eins og kveðið er á um í samþykktum um sorphreinsun og sorpeyðingu á Suðurnesjum.

Ábyrgðir og hlutdeild eignaraðila

3. gr.

Kostnaði við uppbyggingu þjónustupátta svo og rekstrarkostnaði, að frádregnum tekjum skal skipt milli eignaraðila í hlutfalli við íbúðafjölda í hverju sveitarfélagi miðað við lok næstliðis árs. Með íbúðafjölda er átt við allar fasteignir sem bera fasteignagjöld skv. A flokki.

4. gr.

Eignaraðild sveitarfélags er í réttu hlutfalli við framlag þess til rekstrar og eignabreytingarliða sbr. 3. gr. hér að framan. Skrá skal eignarhlut sveitarfélags í ársreikning félagsins hverju sinni.

5. gr.

Eigendur bera saman óskipta ábyrgð á skuldbindingum félagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin sbr. 4. gr. hér að framan.

Stjórn félagsins

6. gr.

Stjórn félagsins, sem annast málefni þess á milli funda, skal skipuð 7 mönnum og 7 til vara, sem tilnefndir eru af sveitarstjórnnum, þrír frá Reykjanesbæ, einn frá hverri hinna og jafnmargir til vara. Stjórnarmenn eru tilnefndir á fyrsta aðalfundi félagsins eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar til fjögurra ára, eða til enda kjörtímabils. Ef stjórnarmaður lætur af störfum áður en kjörtímabili lýkur, tilnefnir viðkomandi sveitarstjórn nýjan fulltrúa í stjórnina í hans stað. Í slíkum tilfellum þarf ekki að boða sérstaklega til félagsfundar. Stjórnin skiptir með sér verkum eftir hvern aðalfund. Stjórninni er heimilt að ráða félaginu framkvæmdastjóra. Sé framkvæmdastjóri til staðar, ræður hann aðra starfsmenn félagsins. Stjórnin veitir prókúruumboð fyrir félagið.

7. gr.

Stjórnin ræður málefnum félagsins milli funda en skylt er að kalla saman fund ef ein eða fleiri sveitarstjórnir óska þess. Allar meiriháttar fjárskuldbindingar skulu leggjast fyrir sveitarstjórnirnar.

Aðalfundur og endurskoðunarákvæði

8. gr.

Aðalfundur skal að jafnaði halda í aprílmánuði ár hvert, en síðar þau ár sem fram fara sveitarstjórnarkosningar. Aðalfundur skal boða bréflega með dagskrá með minnst viku fyrirvara og telst hann löglegur ef löglega er til hans boðað. Rétt til fundarsetu eiga allir kjörnir sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum, framkvæmdastjórar sveitarfélaganna, framkvæmdastjóri og stjórnarmenn félagsins og framkvæmdastjóri S.S.S. Atkvæðisrétt hafa þó einungis kjörnir sveitarstjórnarmenn. Hverju sveitarfélagi er heimilt að óska eftir félagsfundi. Rétt til fundarsetu á félagsfundi hafa sömu aðilar og hafa rétt til fundarsetu á aðalfundi.

Á aðalfundi skulu eftirtalin mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár
2. Reikningar félagsins fyrir liðið reikingsár skulu lagðir fram til lokaafgreiðslu. Þeir skulu vera endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.
3. Tilnefning í stjórn. (Á kosningarári til sveitarstjórna)
4. Kosning löggilts endurskoðanda.
5. Tillaga um þóknun til stjórnarmanna.
6. Önnur mál er varða starfsemi félagsins.

9. gr.

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið. Stjórn félagsins skal fyrir 30. nóvember ár hvert semja fjárhagsáætlun og senda síðan stjórn S.S.S. til meðferðar.

10. gr.

Hver eignaraðili getur óskað eftir endurskoðun á samþykktum þessum.

Samþykktir SS með innfærðum breytingum, samþykktum á aðalfundi félagsins í Reykjanesbæ þann 27. apríl 2012, með innfærðum breytingum, samþykktum á aðalfundi félagsins í Reykjanesbæ þann 30. apríl 2015 og með innfærðum breytingum, samþykktum á aðalfundi félagsins í Reykjanesbæ þann 27. apríl 2017.
